


HAFNARFJARÐARBÆR

STRANDGATA 33  
220 HAFNARFJÖRDUR



SÍMI 585 5700  
BRÉFASÍMI 585 5779  
www.hafnarfjordur.is

FÉLAGSPJÓNUSTAN

## Samkomulag

**Hafnarfjarðarbær kt. 590169-7579 og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar kt. 670169-0229 gera með sér eftirfarandi samkomulag um niðurgreiðslu á þátttökugjaldi 67 ára og eldri iðkenda og um eflingu íþróttá- og forvarnarstarfs þessa aldurshóps í Hafnarfirði. Samkomulagið er gert á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 2011.**

Samkomulagið er fylgiskjal við áður gerðan samning um niðurgreiðslu á þátttökugjaldi 67 ára og eldri iðkenda og fellur því áður gerður samningur úr gildi vegna ársins 2011. Samkomulagið skal endurskoða eigi síðar en 1. september 2011.

### **Niðurgreiðsla á þátttökugjöldum vegna íþróttá- og tómsundaiðkunar á árinu 2011 fyrir 67 ára og eldri.**

Hafnarfjarðarbær niðurgreiðir íþróttá- og tómsundaiðkun íbúa á aldrinum 67 ára og eldri en frá og með 1. janúar 2011 verður niðurgreiðslan vegna iðkenda sem fæddir eru á árinu 1944 eða fyrr. Markmiðið með niðurgreiðslunum er að gera eldri íbúum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í íþróttá- og tómsundarstarfi óháð efnahag og að efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

Lágmarksfjöldi æfinga hjá iðkanda skal vera tvær æfingar í viku. Niðurgreiðslan er 1.700 kr. fyrir hvern iðkanda á mánuði og aðeins er greitt fyrir 11 mánuði á ári en einungis er greitt fyrir tvær íþróttá- og/eða tómsundagreinar. Niðurgreiðslan skal ekki nema hærrí fjárhæð en útlagt þátttökugjald.

Iðkendur verða að eiga lögheimili í bæjarfélaginu en sækja skal um niðurgreiðsluna í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar sem staðsett er að Strandgötu 6. Til að fá niðurgreiðsluna þarf að framvísa frumriti af greiðslukvittun þátttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda. Niðurgreiðslan er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánuða frá samþykkt. Mikilvægt er að greiðslukvittanir berist tímanlega fyrir hverja önn. Með önn er átt við vorönn (1.jan.-31.maí), sumarönn (1.júní – 31.ágúst) og haustönn (frá 1.sept. – 31.des). Aðeins er greitt fyrir eina önn aftur í tímenn. Berist greiðslukvittun ekki innan þessa tíma fellur greiðslan niður. (ATH. TÍMAMÖRK). Ársgjald (félagsgjald) er þó borgað í einu lagi gegn framvísunum greiðslukvittunar.

### Reglur og skilyrði fyrir styrk vegna niðurgreiðslu þátttökugjalda eru eftirfarandi:

1. Að iðkandi eigi lögheimili í Hafnarfirði.
2. Iðkandi getur aðeins fengið niðurgreiðslu vegna tveggja íþróttá- og/eða tómsundagreina.
3. Niðurgreiðslan getur aldrei orðið hærrí en æfingagjald viðkomandi íþróttá-/ tómsundagreinar.
4. Hámarksniðurgreiðsla á hverja grein er kr. 18.700,-
5. Til að iðkendur fái niðurgreiðsluna greidda þarf að framvísa frumriti af greiðslukvittun þátttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda.
6. Að um sé að ræða skipulagt íþróttá- og tómsundastarf og æfingar séu að minnsta kosti tvisvar í viku.

# HAFNARFJARÐARBÆR

STRANDGATA 33  
220 HAFNARFJÖRDUR



SÍMI 585 5700  
BRÉFASÍMI 585 5779

FÉLAGSPJÓNUSTAN

Samkomulagið er gert í tveimur samhljóða eintökum. Hafnarfjarðarbær og Ípróttabandalag Hafnarfjarðar halda hvort um sig einu eintaki.

Hafnarfirði, 28. mars 2011

F.h. Ípróttabandalags Hafnarfjarðar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og

undirskrift aðila:

---